



Sóknaráætlun Austurlands

2013

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stöðumat – Skýrsla Byggðastofnunar.....	3
Stöðugreining.....	4
Atvinnumál og nýsköpun	4
Markaðsmál.....	5
Menning	6
Menntun	7
Austurland 2020 - framtíðarsýn.....	8
Stefna og megináherslur	9
Atvinnumál og nýsköpun	9
Markaðsmál.....	10
Menntun	10
Menning	11
Markmið og aðgerðir	13
Samantekt.....	20
Viðaukar.....	21

Inngangur

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi samþykkti á fundi sínum þann 2. október sl. eftirfarandi:

„Farið var yfir „Drög að skapalóni september 2012“ sóknaráætlunar landshlutana sem sent hefur verið landshlutasamtökum sveitarfélaga til umsagnar. Í drögunum kemur m.a. fram að hver landshluti myndar samráðsvettvang haghafa sem hefur það hlutverk að móta sóknaráætlun og fær aukið vægi við úthlutun opinbers fjármagns. Samþykkt var að samráðsvettvangur SSA í vinnu um „Sóknaráætlunar landshlutana“ verði stjórn og varastjórn SSA. Stjórn, varastjórn og fagráð Austurbrúar. Samþykkt að leita til Austurbrúar um framkvæmd verkefnisins. Verkefnastjóri ræðir við starfsmenn Austurbrúar um verkefnið.“

Með hliðsjón af samþykkt stjórnar SSA hefur verkefnastjóri leitt vinnuna og með honum hafa starfað menningarfulltrúi, fulltrúi markaðsmála, fulltrúi símenntunar, fulltrúi nýsköpunar- og þróunar og fulltrúi háskólanáms og rannsókna hjá Austurbrú.

Í samþykktum Sóknaráætlunar segir að sóknaráætlanir verði unnar fyrir hvern landshluta. Þær taki mið af svæðaskiptingu Sóknaráætlunar, en sérstaklega komi til skoðunar að vinna sameiginlega áætlun fyrir allt Suðvesturhornið (Hvítá - Hvítá) og áætlun fyrir allt Norðurland. Auk fjármögnunar einstakra verkefna í fjárfestingaráætlun til langs tíma verði ut anumhald og einstök verkefni sóknaráætlana landshlutana fjármagnaðar með sameiningu vaxtarsamninga, menningarsamninga og endurskipulagningu og sameiningu á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar.

Áætlanirnar leggi markmið Íslands 2020 til grundvallar, auk hugmynda og áhersla sem fyrir liggja eftir þjóðfundi landshluta og stefnumörkun landshlutasamtaka í kjölfar þeirra. Forgangsröðun einstakra verkefna á hverju svæði verði á hendi heimafólks. Skilgreindur verði sameiginlegur vettvangur sveitarstjórna, fulltrúa atvinnulífs og stofnana á hverju svæði sem komi í stað hinna ýmsu stjórna og nefnda sem koma að málum í núverandi skipulagi.

Stöðumat – Skýrsla Byggðastofnunar

Sjá viðhengi

Stöðugreining

Atvinnumál og nýsköpun

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none">• Góðar hafnir• Sjúkrahús• Öflugur iðnaður• Flugvöllur• Skóglendi• Nálægð við Drekasvæðið• Stöðugt atvinnuafli• Góðar samgöngur milli landa sjóleiðina.• Staðbundið hráefni• Sterkir innviðir samfélagana	<ul style="list-style-type: none">• Skortur á sérmenntuðu fólki• Skortur á störfum fyrir sérmenntað fólk• Skortur á störfum fyrir konur• Úrvinnsla á staðbundnum hráefnum• Heilbrigðisþjónusta• Vantar heildstæðar upplýsingar um þjónustu á svæðinu
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none">• Hækkun eldsneytisverðs• Hækkun verðs á innanlandsflugi• Samgöngumál• Trú fjárfesta á svæðinu• Fjarlægð frá stjórnsýslunni á höfuðborgarsvæðinu	<ul style="list-style-type: none">• Gróðurhús• Fiskeldi• Fullvinnsla á staðbundnum hráefnum• Aukinn útflutningur• Útflutningur• Virðisaukandi vinnsla• Þjónusta við Drekasvæðið• Þjónusta við Norðurslóðir• Frekari nýting á flugvelli og höfnum• Uppbygging loðdýrabúa• Fjarvinnslustörf• Efling skapandi greina• Efla atvinnusköpun í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarðinn

Í hnotskurn:

Grunnatvinnuvegir á Austurlandi eru sterkir samanber öflugur sjávarútvegur og áliðnaður.

Tækifærin liggja í frekari áframvinnslu hráefna og háværkiru virðis.

Austurland er ríkt af staðbundnum hráefnum og auðlindum, svo sem mannauði, jarðvarma, orku, auðugum fiskimiðum og lands. Tækifærin liggja í eflingu skapandi greina og frekari sókn í vinnslu staðbundinna hráefna, svo sem trjávið, ull, stein, hreindýraleður, horn og bein.

Vistvænt fiskeldi og nýting jarðvarma á Austurlandi til dæmis til grænmetisframleiðslu.

Á Austurlandi er alþjóðlegur flugvöllur á Egilsstöðum og á Seyðisfirði kemur Norræna að höfn allt árið, mikil tækifæri liggja í aukinni samvinnu ferðaþjónustuaðila á Austurlandi með það fyrir augum að lengja ferðamannatímabilið og fjölga atvinnutækifærum í ferðaiðnaði á Austurlandi.

Austurland er vel staðsett þegar kemur að þjónustu við Drekasvæðið og hefur sterka innviði til að takast á við fjölbreytt verkefni sem þjónustunni fylgir. Nálægð svæðisins við Norðurslóðasiglingar, öflugar smiðjur og sterkur þekkinga - og tækniiðnaður gefur Austurlandi forskot í þjónustu á þessu sviði.

Markaðsmál

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none">• Samstarf sveitarfélaganna• Egilsstaðaflugvöllur• Útflutningshafnir• Ferðaþjónusta• Góðar hafnir• Mikil náttúrufergurð• Millilandaferja• Minni flugvellir• Landrými• Náttúruauðlindir• Stutt í fengsæl fiskimið• Góðar samgöngur milli landa sjóleiðina• Fjölbreytt mannlíf og menning	<ul style="list-style-type: none">• Markaðs- og kynningarefni um Austurland• Stefnumótun í ferðamálum• Fjármagnsskortur• Stuttur ferðamannatími• Skortur á afþreyingu• Skortur á gistirými í ferðaþjónustu• Skortur á vetrarþjónustu• Skortur á vöruframboði í ferðaþjónustu• Ónógar upplýsingar um vöruframboð• Markaðssetning• Ónógar upplýsingar um svæðið• Vantar samstöðu í markaðsmálum
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none">• Fjarlægð milli innlendra markaða• Hækkun eldsneytisverðs• Hækkun verðs á innanlandsflugi• Samgöngur	<ul style="list-style-type: none">• Kynningarfulltrúi, upplýsingar um landshlutann frá a - ö• Skerpa ímynd• Útflutningur• Svæðisskipulag• Lengja ferðamanna tímann• Fjölgja störfum• Nýta náttúruauðlindir

Í hnotskurn:

Vinna þarf að því að auka ferðamannastrauminn til Austurlands, með því að lengja ferðamannatímann. Setja þarf upp öflug verkefni á lágönn og fá gesti til að stoppa lengur. Markmið er að fyrir 2020 verði búið að lengja ferðamannatímabilið í átta góða mánuði á ári og skapa þar með mun fleiri heilsársstörf í greininni.

Stefnan er að Austurland verði einstæður, hágæða áfangastaður ferðamanna, sem byggir á náttúru, menningu og afurðum úr héraði.

Efla þarf innviði ferðaþjónustunnar svo hún geti vaxið og dafnað. Gott skipulag, traustir innviðir sem byggja á gæðum og fagvitund skapa tækifæri til markaðssetningar Egilsstaðaflugvallar og hafnanna í fjórðungnum.

Leggja þarf áherslu á að á Austurlandi verði öflugt markaðsstarf þar sem kynnt eru þau fjölmörgu tækifæri sem bjóðast á svæðinu. Áherslan verður á gæði og fagvitund í markaðssetningu. Markmiðið verður að aðgengi íbúa og gesta að upplýsingum og þjónustu verði eins og best gerist.

Kynningarfulltrúi á markaðssviði Austurbrúar heldur utan um upplýsingar um Austurland, til að auðvelda fólki og fyrirtækjum að setja sig niður.

Menning

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none">• Fjölbreytt listalíf• Menningarsamningur• Fjöldi safna• Fjölbreytt tónlistarlíf• Gestavinnustofur• Tónlistarskólar• Listabraut í Menntaskólanum á Egilsstöðum• Menningarmiðstöðvar á Austurlandi	<ul style="list-style-type: none">• Skortur á fjármagni til safna• Skortur á fjármagni til lista• Skortur á fjármagni til tónlistarskólanna• Vantar fleiri nemendur í listnám• Vantar fagfólk• Vantar fleiri notendur• Vantar sameiginlega markaðssetningu á menningu
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none">• Samdráttur í framlögum til safna• Samdráttur í framlögum til lista• Markhópur takmarkaður vegna fámennis á svæðinu• Krafa um arðsemi í menningu• Mismunun milli landshluta um skiptingu fjár• Samgöngur	<ul style="list-style-type: none">• Efla menningarsamning• Styrkja innviði menningar• Efla starfsemi menningarmiðstöðva á Austurlandi• Fjölga listnemunum á svæðinu• Atvinnutækifæri á vegum menningar og lista verði eflid

Í hnotskurn:

Skjóta stoðum undir lista- og menningarstarf með tvíþætt markmið fyrir augum það er að segja efla mannlífið og skapa fjölbreyttari atvinnugrundvöll fyrir listamenn.

Mikilvægt er að efla starf menningarfulltrúa á Austurlandi eða menningarsvið Austurbrúar meðal annars í tengslum við menningarmiðstöðvarnar.

Leggja áherslu á að efla þrjár menningarstöðvar á Austurlandi sem hafa frá árinu 2001 gegnt ákveðnu hlutverki á fjórðungsvísu. Hlutverk miðstöðvanna er efling menningar- og liststarfsemi á Austurlandi með nýsköpun og framþróun á sviði lista.

Samstarf við Listaháskóla Íslands og Þjóðmenningarstofnanir.

Stuðningur við sveitarfélögin til þess að breikka starfsgrundvöll tónlistarskólanna með tilliti til almenns listnáms.

Leggja þarf áherslu á þróunarstarf, sýningar, viðburði, gestavinnustofur, eflingar samstarfs milli listgreina, upplýsingarmiðlunar, tengslanets og gagnagrunns.

Efla þarf listnám á framhaldsskólastigi, erlent samstarf listamanna og tengja söfn á Austurlandi saman með sýningum og samvinnu við rannsóknar- og fræðasamfélag.

Menntun

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none">• Boðið upp á háskólanám í fjarnámi• Endurmenntun• Dreifð þjónusta við nemendur• Námsver og þjónusta við fullorðna nemendur í öllum byggðakjörnum• Vaxandi framboð fyrir þá sem hafa stutta skólagöngu• Þrjú framhaldsskólar á svæðinu með bóknám, verknám og listnám	<ul style="list-style-type: none">• Markaðs- og kynningarmál• Framboð námsbrauta• Litlir og dreifðir hópar nemenda• Of lítil tengsl við háskóla og rannsóknasamfélag• Ungmenni geta ekki menntað sig í heimabyggð á jaðarsvæðum• Hátt hlutfall íbúa einungis með grunnskólapróf
Ógnanir	Tækifæri
<ul style="list-style-type: none">• Tregða háskólanna við að byggja upp viðunandi framboð og þjónustu við fjarnám (einkum HÍ).• Mikill kostnaður við að sækja háskólamenntun• Fjarlægð frá háskólasamfélaginu• Lágt hlutfall ríkisútgjalda til menntamála á Austurlandi.• Erfiðar samgöngur• Mismunur milli landshluta um skiptingu fjár	<ul style="list-style-type: none">• Skapa möguleika á sérstöðu á framhaldsskólastigi• Fjölga framhaldsdeildum• Stytttri námsleiðir á framhaldsskólastigi• Efla verknám, listnám og skapandi greinar• Rannsóknatækifæri• Efla tengingu milli skóla og atvinnulífs• Byggja upp námsleið í þjóðgarðastjórnun

Í hnotskurn:

Skapa þarf sérstöðu á framhalds- og háskólastigi til að draga að nemendur

Auka framboð og aðgengi að háskólanámi í fjarnámi

Fjölga framhaldsdeildum og stytta námsleiðir á framhaldsskólastigi

Styrkja markaðs og kynningarmál skólanna bæði úti og inn á við.

Kenna námsbrautir á háskólastigi t.d. á sviði þjóðgarðastjórnunar, skapandi greina og álvinnslu.

Styrkja námsþjónustu í heimabyggð.

Það hallar á Austurland í framlögum til mennta- og menningarmála í samanburði við heildarframlög til þessara málaflokka.

Hækka menntunarstig íbúanna. Leggja rækt við frumkvöðlamennt og skapandi greinar.

Auka þarf rannsóknastarf og samvinnu um það við háskóla og rannsóknastofnanir.

Austurland 2020 - framtíðarsýn

Austurland hefur þá framtíðarsýn að verða staður fólks, fjárfesta og fyrirtækja sem vilja byggja upp sjálfbært samfélag. Austurland verði áhugaverður valkostur fyrir ungt fólk til búsetu og starfa.

Á Austurlandi verði öflugt atvinnulíf sem byggir á sterkum grunnstoðum sem hefur leitt til þróunar á öðrum fjölbreyttum atvinnutækifærum. Ferðaþjónusta, skapandi greinar og þekkingariðnaður verða helstu vaxtargreinar svæðisins ásamt fullvinnslu á staðbundnum hráefnum í arðbæra vöru. Austurland hefur byggt upp þjónustu og atvinnutækifæri í tengslum við siglingar á Norðurslóðir og þjónustu við Drekasvæði .

Menningarstarfsemi á Austurlandi verði áfram fjölbreytt og gróskumikil og stuðli að auknum lífsgæðum íbúanna. Vöxtur, nýsköpun, gæði og samstarf verði einkennisþættir í menningarstarfi á Austurlandi. Öflugar menningarmiðstöðvar verða starfræktar í fjórðungnum. Fjölgjað hafi listamönnum á svæðinu.

Á Austurlandi verði öflugt markaðsstarf þar sem kynnt eru þau fjölmörgu tækifæri sem bjóðast á Austurlandi. Áhersla verður á gæði og fagvitund í markaðssetningu með það að markmiði að aðgengi íbúa og gesta að upplýsingum og þjónustu verði gott.

Austurland verði einstæður, hágæða áfangastaður ferðamanna, sem byggir á náttúru, menningu og afurðum úr héraði. Ferðamenn dvelji að lágmarki þrjár nætur og ferðamannatímabilið nái yfir að minnsta kosti átta mánuði á ári.

Menntunarstig á Austurlandi verði sambærilegt við aðra landshluta. Námsþjónusta í heimabyggð verði styrkt með svæðisbundinni þjónustu, notkun upplýsingatækni og lotunámi. Virk samvinna verði á milli aðila sem starfa að menntun, menningu og nýsköpun sem styrkir frumkvöðlastarf og skapandi greinar.

Á Austurlandi verði kenndar sérhæfðar námsgreinar á háskólastigi til dæmis í þjóðgarðastjórnun, skapandi greinum og álvinnslu. Fjármagni verði veitt til háskólamenntunar á Austurlandi til að jafna stöðu þeirra við nemendur í staðnámi.

Rannsóknir og fræðastarf verði fastur hluti af starfi fagstofnana, unnið í samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir innan lands og utan.

Heilstætt vel skipulagt kerfi almenningssamganga verður á Austurlandi sem tengist kerfi almenningssamgangna í öðrum landshlutum.

Stefna og megináherslur

Atvinnumál og nýsköpun

Eitt af mikilvægustu verkefnum sem ná þarf fram í sóknaráætlun landshluta á Austurlandi er að styrkja stoðir atvinnulífsins og fjölga atvinnutækifærum. Samhliða uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Reyðarfirði hefur skapast öflugt þjónustunet sem styrkt hefur starfsemi margra smærri fyrirtækja.

Öflugur sjávarútvegur er rekinn í mörgum byggðakjörnum. Atvinnutækifæri sem liggja í frekari úrvinnslu og betri nýtingu sjávarafurða er vert að skoða.

Austurland hentar vel til hefðbundinnar landbúnaðarframleiðslu. Vöxtur í þeirri grein er einn af þeim valkostum sem þarf að skoða. Sérstaklega þarf að vinna að frekari úrvinnslu og kynningu á þeim afurðum sem nú þegar eru framleiddar á svæðinu.

Fiskeldi er atvinnugrein sem er að ryðja sér til rúms á Austurlandi. Það er mat sérfræðinga á sviði fiskeldis að nokkrir firðir í landshlutanum henti vel til eldis á laxi og ákveðnum tegundum af silungi. Eldið sem er í uppbyggingu á suðurfjörðum Austfjarða er vistvænt eldi sem góður markaður er fyrir erlendis. Eldi sem byggir á vistvænum forsendum er ný nálgun á þessu sviði, þar sem markaður er annar en við hefðbundið eldi.

Nýting á jarðvarma á Austurlandi til grænmetisframleiðslu eru tækifæri í atvinnuuppbyggingu sem vert er að skoða. Á svæðinu er ónýttur jarðvarmi ásamt húsnæði sem hentar vel til slíkrar framleiðslu. Reglulegar millilandasiglingar frá Seyðisfirði og Reyðarfirði á markaði erlendis geta verið lykill að því að slík framleiðsla gangi upp.

Nýsköpun og þróun í samvinnu við fyrirtæki í fjórðungnum er leið til atvinnusköpunar. Efling og þróun skapandi greina með áherslu á aukna verðmætasköpun staðbundinna hráefna á Austurlandi koma til með fjölga störfum og tækifærum á svæðinu. Þekkingaryfirfærsla og samvinna milli hönnuða og listhandverksfólks á Austurlandi skilar verðmætari vöruhönnun sem framleiðslufyrirtæki á svæðinu geta framleitt verðmætri vöru til endursölu.

Drekasvæðið svokallaða þar sem nýlega hafa verið gefin út rannsóknarleyfi til olíuleitar skapa mikill tækifæri fyrir fjórðunginn í ýmsum störfum tengdri starfseminni. Samstaða Austfirðinga um hvernig nálgast má atvinnutækifærin skipta höfuðmáli við að ná tökum á því stóra verkefni.

Ferðapjónustan hefur vaxið mikið síðustu ár. Byggir það á frumkvæði einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaganna. Ferðapjónustan í sinni fjölbreyttu mynd á eftir að vaxa enn frekar og skapa mörg störf á svæðinu. Með frekari samvinnu sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga er hægt skapa fleiri heilsársstörf í greininni.

Verkefni sveitarfélaganna í framtíðinni er að fjölga atvinnutækifærum. Mikilvægt er að fjölga störfum í öllum greinum atvinnulífsins og þá ekki síst þeim störfum sem kalla á menntað starfsfólk.

Á Austurlandi búa 10.213 manns, þar af 5.390 karlar og 4.823 konur. Þáttur í því að efla fjórðunginn er fjölbreytni starfa. Færa má rök fyrir því að verulega halli á störf fyrir konur og vinna þurfi skipulega í því á næstu árum að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur á öllum aldri.

Í nýsamþykktum lögum á Alþingi um „Rammaáætlun um nýtingu vatnsorku og jarðvarma“, er ekki að finna virkjanakost á Austurlandi. Það má því segja að Austfirðingar séu háðir öðrum landssvæðum hvað varðar orku til uppbyggingar á orkufrekum iðnaði. Markmiðið í atvinnuuppbyggingu Austurlands getur einnig falist í því að ná fleiri störfum út úr þeim öflugum fyrirtækjum sem eru í fjórðungnum með frekari úrvinnslu og nýsköpun.

Markaðsmál

Eitt af markmiðum með sóknaráætlun landshlutana er gerð svæðisskipulagsáætlunar sem skilgreini stefnu um landnotkun á hverju svæði. Slíkt svæðisskipulag er mikilvægur grunnur að kynningu landshlutans. Útfæra mætti svæðisskipulagsáætlunina frekar með því að taka á sem flestum þáttum sem fólk og fyrirtæki þurfa að vita til að setja sig niður á svæðinu, allt frá lóðaframboði til leikskólajalda.

Markaðssetning Austurlands er víðtækt verkefni enda flóran fjölbreytt og tækifærin mikil. Það sem brennur á ferðaþjónustuaðilum og markaðsfólki er meðal annars:

- Hvernig lengja megi ferðamannatímann
- Fjölgun starfa
- Auka gæði og fagvitund
- Stefnumótun
- Afþreying
- Öflugt sölu- og kynningastarf
- Betri nýting hafna
- Nýta Egilsstaðarflugvöll fyrir millilandaflug og léttu þannig álagi á Keflavíkflugvelli
- Koma á fót heimasíðu þar sem hægt er að fá upplýsingar um þjónustu, gjaldskrár og allt frá a - ö, sem fólk og fyrirtæki þurfa á að halda til að geta tekið ákvörðun um að setja sig niður. Ritstjóri á vegum Austurbrúar myndi halda utan um upplýsingar og uppfæra þær reglulega.

Menntun

Nýlega var kynnt tilraunaverkefni til að hækka menntunarstig á vinnumarkaði sem verður hleypt af stokkunum í haust. Það verður fjármagnað með afgangsfé úr vinnumarkaðs- og menntunarátaki síðustu tveggja ára. Verkefnið verður til eins árs og fer fram í Breiðholtshverfi í Reykjavík og í Norðvesturkjördæmi.

Í skýrslu Þóroddar Bjarnasonar og Jóns Þorvaldar Heiðarssonar um ríkisútgjöld og tekjur ríkisins á Austurlandi og Norðurlandi eystra kemur fram að hlutdeild Austurlands í fjárveitingum til háskóla og rannsóknastarfs er 540 millj. undir hlutdeild mannfjölda á svæðinu.

Í skýrslu Byggðastofnunar Stöðugreining 2012 kemur fram að hlutfall þeirra sem einungis hafa grunnskólapróf á Austurlandi er langt yfir meðaltali landsins en hlutfall þeirra sem hafa starfsnám á framhaldsskólastigi örlítið yfir landsmeðaltali. Hlutfall iðnmenntaðra og iðnmeistaramenntaðra er hærra en landsmeðaltal meðal kvenna. Stúdentspróf er verulega undir landsmeðaltali og það sama gildir um bæði grunn- og framhaldsnám í háskóla.

Gera þarf ráð fyrir því að aðrir landshlutar eigi kost á fjármagni úr vinnumarkaðs- og menntunarátaki sambærilegu og Norðvesturkjördæmi. Með því og sækja á frekara fjármagn má jafna hlut kjördæmisins þannig að hann verði sem næst hlutdeild í krónum pr/íbúa á landsvísu, má rétta hlut Austurlands með eftirfarandi áherslum:

- Styrkja námsþjónustu í heimabyggð með svæðisbundinni þjónustu, notkun upplýsingatækni og lotunámi.
- Efla þjónustu á sviði menntunar og menningar til hagsbóta fyrir íbúa til að efla innviði samfélagsins.
- Virk samvinna verði milli aðila sem starfa að menningu, menntun og nýsköpun til að styðja við skapandi greinar og frumkvöðlastarf.
- Auka fjölbreytni í námsframboði á háskólastigi.
- Kenna staðlotur á Austurlandi í almennu háskólanámi (námi sem margir þurfa að taka á mismundi námsbrautum og frá mismunandi skólum).
- Kenna námsbrautir á háskólastigi, á sviði skapandi greina, álvera, hreindýra, náttúru, skógræktar.
- Efla samstarf við starfsmenn háskóla og fyrirtæki um rannsóknatækifæri á Austurlandi.
- Hæfnimeta sérfræðinga – og sérfræðiþjónustu.
- Auka framboð á stuttum starfsnámsbrautum fyrir þá sem hafa stutta formlega skólagöngu.
- Efla verknám og þjálfun á verkgreinum og skapandi greinum, til sérhæfðra starfa.
- Efla frumkvöðlahugsun í samfélaginu með því að hvetja til skapandi hugsunar og þjálfra leiðir þar að lútandi.
- Auka samstarf við fyrirtæki og stofnanir um endurmenntun starfsfólks.
- Hvetja til að nám verði metið til launa og að endurmenntun verði í raun hluti af vinnutíma starfsmanna. Sérstaklega verði horft til námsleiða FA í þessu sambandi.
- Fjölga þarf námsleiðum skapandi greina. Horfa þarf til víðtæks samstarf varðandi útfærslu og leiðir.
- Efling á námsframboði til atvinnuleitenda og annarra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Námsúrræði þurfa að vera hvetjandi og skila þátttakendum út í samfélagið með möguleikum til framtíðarstarfa.

Menning

Samstarf sveitarfélaga á Austurlandi er mikið í menningarmálum. Með menningarsamningi við ríkið sem gerður var árið 2001, varð í framhaldinu ráðinn menningarfulltrúi fyrir Austurland. Samstarfið hefur haft jákvæð áhrif á þróun menningarstarfsemi á svæðinu og eflt samstarf sveitarfélaga í menningarmálum. Menning hefur vaxið og eflst á flestum þéttbýlisstöðum á Austurlandi. Mikil gróska er í menningarstarfi víða í fjórðungnum sem hlúa þarf að enn frekar í framtíðinni meðal annars með auknu fjármagni.

Skipting fjár til menningar, félagsstarfs og fjölmiðlunar er Austurlandi ekki hagstæð ef tekið er mið af öðrum landshlutum. Vinna þarf að því að bæta hlut Austurlands, en samkvæmt

skýrslu Þóroddar Bjarnasonar prófessors og Jóns Þorvaldar Heiðarssonar lektors vantar um 157 Mkr upp á að skiptingin sé jöfn miðað við mannfjölda.

Við uppfærslu á menningarstefnu er mikilvægt að þær áherslur sem koma fram séu þverfaglegar og spanni sem flest svið.

Leggja ber áherslu á af efla þrjár menningarmiðstöðvar á Austurlandi sem hafa frá árinu 2001 gegnt ákveðnu hlutverki á fjórðungsvísu. Þá þarf að tryggja fjármagn til menningarstarfsemi á öðrum svæðum á Austurlandi eins og verið hefur. Hlutverki í eflingu nýsköpunar og framþróunar á sviði lista. Fræðsla mismundi aldurshópa, samstarfi við Listaháskólann, menningarstofnanir og fleira sem mikilvægt er að efla enn frekar.

Áherslurnar eru:

- Þróunarstarf
- Sýningar og viðburðir
- Gestavinnustofur
- Efla samstarf á sviði listgreina
- Upplýsingamiðlun, tengslanet og gagnagrunn
- Auk þess er verkefni eins og Þorpið mjög mikilvægt

Markmið og aðgerðir

Heiti verkefnis I	Markaðsmál – Markaðssetning Austurlands
Stutt verkefnalýsing	Vinna ítarlega greiningu á því hvernig nálgast eigi markaðssetningu Austurlands. Skoða mismunandi leiðir í kynningu s.s. prenta kynningarefni, auglýsingaherferð, heimsóknir til fyrirtækja, þátttaka í innlendum og alþjóðlegum sýningum /ráðstefnum, boða til ráðstefnu á Austurlandi þar sem fjórðungurinn væri kynntur frá a- ö.
Markmið	Að ljúka greiningu um markaðsetningu Austurlands
Árangursmælikvarðar	Greining liggja fyrir.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Ítarleg greining liggur fyrir um hvernig standa beri að markaðssetningu Austurlands.
Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Sama og áætluð staða í september.
Heildarkostnaður	Um kr. 1.0 millj
Framlag úr sóknaráætlunarsjóði	Kr. 1.0 millj.
Ábyrgðaraðili	Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
Framkvæmdaraðili	Austurbrú ses
Samstarfsaðilar	Stefnt er að því að fá öll sveitarfélög á Austurlandi að verkefninu, sem flest fyrirtæki og stofnanir. Þá er stefnt að því að leita til fyrirtækja sem vinna fyrir opinbera aðila að kynningu Íslands á erlendum mörkuðum.
Verktími	Mars – júní 2013

Heiti verkefnis II	Uppfærsla á upplýsingavef
Stutt verkefnalýsing	Uppfæra Austurlandshluta vefsíðu sem er á vegum Íslandsstofu. og hefur það hlutverk að kynna Ísland á erlendum mörkuðum. Lagfæra og uppfæra vef sem heyrir undir markaðssvið Austurbrúar. Uppfæra upplýsingar og koma honum á framfæri innanlands og utan.
Markmið	Að ljúka uppfærslu vefsíðunnar
Árangursmælikvarðar	Uppfærslu lokið. Fjöldi heimsókna á vefinn.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Verkátætlun liggur fyrir og verkefnið hafið.
Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Uppfærð vefsíða.
Heildarkostnaður	Um kr. 4.0 millj
Framlag úr sóknaráætlunarsjóði	Kr. 4.0 millj.
Ábyrgðaraðili	Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
Framkvæmdaraðili	Austurbrú ses
Samstarfsaðilar	Mögulegir samstarfsaðilar verða Íslandsstofa, Landshlutasamtök sveitarfélagana, fyrirtæki og sveitarfélög á Austurlandi
Verktími	Mars – desember 2013

Heiti verkefnis III	Ráðning á verkefnastjóra til markaðssetningar á Austurlandi, með aðaláherslu á millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll
Stutt verkefnalýsing	Um er að ræða verkefni sem gert er ráð fyrir að nái yfir 3-5 ár. Aðal þáttur verkefnisins verður að ráða verkefnastjóra sem hefur það hlutverk að markaðsetja Austurland. Áhersla verður lögð á að markaðsetja Egilsstaðaflugvöll sem millilandaflugvöll. Það er þekkt erlendis að létt er umferð á flugvöllum nærri fjölmönnum borgum og flugumferð beint á svæði þar sem hinn almenni ferðamaður leitar ekki síður á. Verkefnastjórinn mun eftir því sem verkefnið þróast kynna aðra möguleika sem Austurland hefur upp á bjóða s.s. hafnir til móttöku skemmtiferðaskipa.
Markmið	Fjölga ferðamönnum, sérstaklega þeim sem koma með flugi um Egilsstaðaflugvöll.
Árangursmælikvarðar	Fjölgun ferðamanna um Egilsstaðaflugvöll.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Verkátætlun liggur fyrir og verkefnið hafið.
Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Upplýsingar um viðbrögð við áttakinu, mat einna eða tveggja flugfélaga/ferðaþjónustuaðila á verkefninu.
Heildarkostnaður	Um kr. 10.0 millj
Framlag úr sóknaráætlunarsjóði	Kr. 10.0 millj.
Ábyrgðaraðili	Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
Framkvæmdaraðili	Austurbrú ses
Samstarfsaðilar	Hugsanlegir samstarfsaðilar verða Ísavia, íslenskir og erlendir ferðaþjónustuaðilar. Sveitarfélög á Austurlandi og flugfélög innlend og erlend.
Verktími	Mars – desember 2013

Heiti verkefnis IV	Kynning á almenningssamgöngum
Stutt verkefnalýsing	Mikil endurskipulagning hefur átt sér stað á almannasamgangnakerfinu. Verkefnið mun snúast um víðtæka kynningu á almenningssamgöngum á Austurlandi, m.a. með útgáfu kynningarrits.
Markmið	Að fjölga notendum almenningssamgangna.
Árangursmælikvarðar	Fleiri notendur.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Verkefninu að ljúka og kynningarrit liggur fyrir.
Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Kynningarrit komið inn á vefinn og á hvert heimili á Austurlandi.
Heildarkostnaður	Um kr. 3.0 millj
Framlag úr sóknaráætlunarsjóði	Kr. 3.0 millj.
Ábyrgðaraðili	Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
Framkvæmdaraðili	Austurbrú ses
Samstarfsaðilar	Hugsanlegir samstarfsaðilar verða sveitarfélög á Austurlandi og fólksflutningafyrirtæki.
Verktími	Mars – október 2013

Heiti verkefnis V	Efling skapandi greina
Stutt verkefnalýsing	Halda áfram þeirri vinnu sem unnin hefur verið á síðustu árum á vegum Þróunarfélags, Menningarráðs, Þekkingarnets Austurlands, Nýsköpunarmiðstöðvar og fleiri aðila í frekari úrvinnslu úr staðbundnum hráefnum sem stýrt hefur verið af Make by Þorpið.
Markmið	Þróa og vinna vörur úr staðbundnum hráefnum.
Árangursmælikvarðar	Fjöldi framleiðsluvara.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Drög að gæðahandbók liggja fyrir ásamt tillögum að nýjum verkefnum.
Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Gæðahandbók og raunhæfar verkefnatillögur.
Heildarkostnaður	Um kr. 4.0 millj
Framlag úr sóknaráætlunarsjóði	Kr. 4.0 millj.
Ábyrgðaraðili	Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
Framkvæmdaraðili	Austurbrú ses
Samstarfsaðilar	LungA skólinn, Make by Þorpið, Nýsköpunarmiðstöð, Austfirskar krásir, hönnuðir og framleiðslufyrirtæki.
Verktími	Mars – desember 2013

Heiti verkefnis VI	Undirbúningur og skipulagning ráðstefnu/vinnustofu á Austurlandi um atvinnumál
Stutt verkefnalýsing	Haldinn verði umfangsmikil ráðstefna/vinnustofa um tækifæri og möguleika Austurlands á sviði atvinnuuppbyggingar, nýtingar landsgæða, sjávarfangs og mannauðs. Ráðstefnan verður haldin á Egilsstöðu með þátttöku innlendum og erlendum sérfræðingum og krefst hún talsverðs undirbúnings varðandi greiningu, efla tengslanet við innlenda og erlenda aðila sem tengjast atvinnu- og nýsköpunarmálum.
Markmið	Að fá heilstæða sýn og greiningu á möguleikum Austurlands til atvinnuuppbyggingar á öllum sviðum.
Árangursmælikvarðar	Greining á tækifærum Austurlands til atvinnuuppbyggingar. Fjöldi þátttakenda á ráðstefnunni/vinnustofunni. Fjöldi raunhæfra verkefnahugmynda sem koma frá ráðstefnunni.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Undirbúningi fyrir ráðstefnuna að ljúka. Dagskrá og boð hafa verið send út.
Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Ráðstefnan/vinnustofan verður lokið (í nóvember) og lokaskýrsla liggur fyrir.
Heildarkostnaður	Um kr. 9.5 millj
Framlag úr sóknaráætlunarsjóði	Kr. 9.5 millj.
Ábyrgðaraðili	Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
Framkvæmdaraðili	Austurbrú ses
Samstarfsaðilar	Hugsanlegir samstarfsaðilar verða Verkfræðistofur, Hafrannsóknarstofnun, Orkustofnun, Íslandsstofa, Ferðamálasamtök Austurlands, Búnaðarsamband Austurlands, Matís, Sjávarútvegsfyrirtæki, Samtök atvinnulífsins, flugfélög, flutningsaðilar og íslenskir og erlendir fagaðilar og fjárfestar .
Verktími	Mars – desember 2013

Heiti verkefnis VII	Fjölbreyttara námsframboð á Austurlandi
Stutt verkefnalýsing	Hugmyndin byggir m.a. á að í framtíðinni verði boðið upp á eins til tveggja ára diplóma nám í nýtingu á staðbundnum hráefnum. Komið skal á samstarfi við þrjá framhaldsframhaldsskóla, ME, VME og Hússtjórnarskólann Hallormsstað, Fræðslusvið Austurbrúar og Lungaskólann á Seyðisfirði um samþættingu á því sem þessir aðilar bjóða í dag og skapa heild sem nýtist tveim markhópum þ.e. notendum sem ætlað í áframhaldandi listnám á háskólastigi en einnig notendum sem vilja endurmennta sig í skapandi greinum. Unnið verður að því að draga að nemendur frá öllu landinu sem og erlendis frá.
Markmið	Að þróa nám/endurmenntun á framhalds- og háskólastigi í skapandi greinum á Austurlandi.
Árangursmælikvarðar	Formlegt samstarf um nám í skapandi greinum.
Áætluð staða verkefnisins í september – forsenda annarar greiðslu	Skýrsla um þá kosti sem fyrir hendi eru á svæðinu um þróun og skipulag námsins.
Lokaafurð – forsenda lokagreiðslu	Formlegu samstarfi komið á. Skýrsla um framvindu.
Heildarkostnaður	Um kr. 4.0 millj
Framlag úr sóknaráætlunarsjóði	Kr. 4.0 millj.
Ábyrgðaraðili	Samtök sveitarfélaga á Austurlandi
Framkvæmdaraðili	Austurbrú ses
Samstarfsaðilar	LungA skólinn, framhaldsskólar á Austurlandi, Listaháskóli Íslands, Nässjö trä og Learningcenter, mennta- og menningarmálaráðuneytið.
Verktími	Júní – febrúar 2014

Samantekt

Verkefni sem hér eru kynnt eru afrakstur af vinnu samráðsvettvangs sóknaráætlunar fyrir Austurland sem haldin var í desember 2012 á Egilsstöðum. Tillögurnar fjalla um hin ýmsu mál sem snerta hagsmuni Austurlands og eflingu fjórðungsins.

Í sóknaráætlun Ísland 20/20 eru sett fram markmið sem skapa kjörskilyrði til að stofna og reka fyrirtæki með einföldun á stjórnsýslu og regluverki, sterku og einfaldara nýsköpunarumhverfi og áherslu á þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þetta eru markmið sem stjórn SSA telur mikilvægt að fylgt verði eftir enda flókið regluverk íþyngjandi og kostnaðarsamt fyrir fólkið og atvinnulífið.

Markmiðum með sóknaráætluninni er jafnframt stórefling sveitarstjórnarstigsins, með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Því hefur verið haldið á lofti varðandi verkefnaflutning að sveitarfélögin væru of fámenn til að slíkt gæti átt sér stað í einhverjum mæli. Frá árinu 1986 hefur sveitarfélögum á núverandi starfssvæði SSA fækkað úr 28 í 8. Sveitarfélögin átta halda úti skrifstofum með mismunandi þjónustustig. Í stærri sveitarfélögunum er öll sú þjónusta fyrir hendi sem sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir. Smærri sveitarfélögin eru sum hver í samstarfi við önnur sveitarfélög um ákveðna þjónustu eða kaupa hana af einkaaðilum.

Austurbrú ses er sjálfseignarstofnun stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Austurbrú er með starfsstöðvar á sex stöðvum á starfssvæði SSA auk þess er rekur fræðsluvið Austurbrúar starfsstöð á Höfn. Austurbrú er vel til þess fallin að taka við verkefnum úr stjórnsýslunni á höfuðborgarasvæðinu. Vinna þarf að því á næstu misserum að ná fram áformun stjórnvalda með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Nú þegar endurskipulagning ráðuneytanna stendur yfir liggur vel við að fara skipulega í verkefnið. Þá má efla starfsstöðvar ríkisins í landshlutanum með því að flytja verkefni til þeirra og nýta þannig húsnæði, háhraðatengingar og gott starfsfólk.

Viðaukar

Viðauk I

Byggðastofnun Sóknaráætlun Austurlands stöðugreining 2012